

80 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 30. júní. aðflutning á sauðfje frá Englandi. — Af hjálagðri samstundis meðtekinni fundar- áskorun virðist mega sjá, að von sje þessa dagana á ensku sauðfje með gufuskipinu «Camoens» annaðhvort til Reykjavíkur eða til Hafnarfjarðar. Þó nú ekki hafi verið gefið út neitt slíkt bann, sem getur um í umburðarbrjefi frá 14. apríl 1875 (stjórnar- tíðindi B. 27.), að því er snertir flutning á sauðfje frá Englandi, virðist ástæða vera til að viðhafa sterkt eptirlit með slíkum flutningi, því það er kunnugt, að fjárkláði og aðrir næmir sjúkdómar, sem ekki ganga hjer á landi, eru innlendir annarstaðar, og þó þeir þar ekki geri svo mikinn skaða, að almenn vandræði risi af þeim, sýnir reynslan, að slíkt geti orðið hjer á landi.

Jeg vil því skora á yður, herra amtmáður, að hlutast til um að kindur þær, er getur um í fylgiskjalinu, verði, undir eins og gufuskiði «Camoens» hefir hafnað sig og áður en þær eru fluttar í land, skoðaðar með allri varúð af 2 greindum fjár- mönnum. Reynist skepnurnar sjúkar af hættulegum sjúkdómi, má ekki flytja þær í land; en sjeu þær álitnar heilbrigðar, verður minnst 3 vikur að halda þeim aðskildum frá öðrum skepnum undir nákvæmu eptirliti greindra fjármanna, allt að ráðstöfun hlut- aðeigandi lögreglustjóra og samkvæmt nefnu umburðarbrjefi mínu frá 14. apríl 1875.

81 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um rit um jurtaríki Íslands. 9. júlí. — Samkvæmt beiðni adjunkts C. C. H. Grönlunds, sem ráðgjafinn árið 1876 veitti 500 kr. styrk til þess að ferðast til Íslands til að rannsaka jurtaríki landsins, lofaði ráðgjafinn í brjefi frá 13. janúar þ. á. að kaupa 100 exemplör af riti eptir hann um jurtaríki Íslands, svo að það geti komið fyrir almenningssjónir. Ráðgjafinn hefir þar eptir frá bókaverzlun Gyldendals tekið á móti nefndri tölu af ritinu, og sendast yður hjer með, herra landshöfðingi, 95 expl. af því með tilmælum um, að þjer þóknanlega vilduð hlutast til um útbytingu þeirra á Íslandi á sem haganlegastan hátt; í þessu til- liti skal tekið fram, að senda ber hverju af opinberum bókasöfnum landsins um sig 1 expl., og hefir höfundurinn þess utan á sínum tíma látið í ljósi, að það að hans áliti myndi glæða áhuga manna á að kynna sjer grasafreði Íslands, ef t. a. m. hinir dug- legustu af eldri lærisveinum lærða skólans, prestaefni eða læknaefni gætu eignast ó- keypis 1 expl. af riti um grasfreði landsins.

82 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hjónavígslubrjef. — Ráð- 21. júlí. gjafinn fellst hjer með á tillögur yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 10. f. m. um, að ókeypis¹ hjónavígslubrjef verði afhent af landshöfðingja. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

83 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bókagjöf handa stiptisbóka- 21. júlí. safninu. — Eptir að háskóla bókavörður S. Birket-Smith hafði skýrt ráðgjafanum frá, að hann hefði umboð Geheime Etazráðs Dr. juris & philos. A. F. Kriegers til að bjóða

1) Hjónavígslubrjef fyrir borgun eru samkvæmt tilskipun 23. maí 1800 III. afhent af amtmönnum.